

108 Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um skiptingu á arði af eggveri
 19. sept. prestsseturs milli fráfaranda og viðtakanda. — Eptir að hafa meðtekið þóknanleg brjef hinna heiðruðu stiptsyfirvalda, dags. 4. og 21. f. m., útaferindi sjera Eyjólfssonar í Árnosi, þar sem hann spurst fyrir um það, hvort sjer sem viðtakanda nefnds prestsseturs beri eigi samkvæmt 11. gr. laga um bygging, ábúð og úttekt jarða frá 12. jan. þ. á. allur arður af eggveri prestssetursins síðastliðið vor, vil jeg hjermeð þjónustusamlega gefa yður til vitundar til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er yður samdóma um, að nefnd lagagrein nái eigi til prestssetra, og að því verði um skiptingu á gagni af eggveri Árness síðastliðið vor milli fráfaranda og viðtakanda að fara eptir þeim sömu reglum, sem giltu áður en ofan nefnd lög komu út.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1884 og 1885.

10. gr. C. 4

Samþykktar tillögur:

Sýslunefndarinnar í Húnavatnssýslu um að verja 800 kr. styrk til eflingar búnaði (sbr. Stjttíð. 1884 B. 30.) þannig: til búnaðarfjelags sýslunnar til búfræðingahalds 400 kr., handa hreppabúnaðarfjelogum og einstökum mönnum sem verðlaun fyrir búnaðarframkvæmdir 200 kr. og til búnaðarskólans á Hólum í Hjaltadal 200 kr.

Sýslunefndarinnar í Norðurmúlasýslu um að skipta 570 kr. (sbr. Stjttíð. 1884 B. 30.) milli búnaðarfjelaga í sýslunni þannig að búnaðarfjelogið í Jökulsárhlíð fái 174 kr., búnaðarfjelog Vopnfirðinga 157 kr., búnaðarfjelog Fljótsdælinga 132 kr., og búnaðarfjelog Hjaltastadahrepps 107 kr.

Sýslunefndarinnar í Austurskaptafellssýslu (sbr. Stjttíð. B. 30.) um að verja 30 kr. til styrktar handa búnaðarfjelogi Örfinga og 140 kr., til að kosta búfræðing til að ferðast um sýsluna og leiðbeina mönnum í vatnsveitingum og öðrum jarðabótum.

Sýslunefndanna í Suðurþingeyjarsýslu og Norðurþingeyjarsýslu um að verja 550 kr. og 220 kr., (sbr. Stjttíð. B. 30.) sumpart til að styrkja búfróða menn til yfirferða til að leiðbeina bændum í búnaðarefnum og sumpart til jarðabótaframkvæmda í hinum ýmsu hreppum sýslufjelaganna.

10. gr. C 5 b.

Samþykkt útbýting amtsráðsins í norður- og austuramtinu á 3300 kr. til vegabóta á sýsluvegum, þannig, að Húnavatnssýsla fái 630 kr., Skagafjarðarsýsla 170 kr., Eyjafjarðarsýsla 800 kr., Suðurþingeyjarsýsla 300 kr., Norðurmúlasýsla 400 kr. og Suðurmúlasýsla 1000 kr.

13. gr. A b. 2.

Uppbót sú, (200 kr.) er með brjefi landshöfðingja 10. marz þ. á. (Stjttíð. B. 35) var lögð Hestþinga prestakalli, var með brjefi 4 sept., með því að prestakall þetta hafði losnað, veitt Skaröspingaprestakalli í Dalaprófastsdæmi.

HEIÐURSGJAFIR.

Af styrktarsjóði Christians konungs hins nunda í minningu þúsundára hátíðarinnar veitti landshöfðingi þeim Ólafi umboðsmanni Sigurðssyni í Ási og Sæmundi bónda Sæmundssyni á Elliðavatni heiðursgjafir fyrir framúrskarandi dugnað í búnaði, 160 kr. hvörum.